



Fundargerð 22. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

Staður og tími: Zoom 3. október 2023 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS),

Mættir varamenn: Kolbrún Vignisdóttir (KV)

Fundinn sat einnig Björgvin Jónsson (BJ) starfsmaður AKÍS

Fjarverandi: Halldór Jóhannsson (HJ), Jón Þór Jónsson (JPJ), Ari Halldór Hjaltason (AHH) aðalmaður, , Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR)varamaður.

AS ritaði fundargerð.

1. Reglur um upptökur og útsendingar – framtíð

Samkvæmt SIS hafa hann og Ingimundur Helgason ekki komist að niðurstöðu varðandi reglur um upptökur og útsendingar, líkt og þeim var falið á 16. fundi stjórnar 18. júlí s.l.

Ákveðið að taka málið fyrir á formannafundi í nóvember.

2. Yfirlit fjármála sambandsins

Lagt fram uppgjör / rekstrarreikningur samkvæmt stöðu 20. september. BJ mun skoða með nokkra liði og deila upplýsingum með stjórninni.

3. Lokahóf

KV fór yfir stöðu undirbúnings, m.a. kostnaðaráætlun.

Samþykkt var að halda áfram undirbúningi á þeim forsendum sem fram komu.

4. FIA Anti-Doping Disciplinary Committee

Engin svör hafa borist frá ÍSÍ. Sambandið mun því ekki sækjast eftir að íslenskur aðili taki sæti í ráðinu.

5. Keppnisdagatal 2024

All mörg félög hafa skráð inn keppnir í miðlægt skjal, en þó vantar a.m.k. allar keppnir í rally.

6. Önnur mál

Aðsent erindi varðandi skráningargjöld til MSÍ - Samkvæmt TMP hefur erindinu verið svarað.

Tilnefningar til akstursíþróttafólks ársins - Samkvæmt BJ eru komnar tilnefningar og umsagnir frá flestum keppnisráðum. Stefnt er á að hefja netkosningu ekki seinna en 6. október.

Næsti fundur 17. október kl. 19.30

Fundi slitið kl. 20.39